

Gættu þess að byggja verkefnið á þessari lýsingu og réttri gagnaskrá. Verkefni breytast milli ára. Við getum ekki tekið gild verkefni byggð á gömlum verkefnislýsingum eða gögnum fyrri ára.

Verkefnið byggir á gögnum um Ísland úr International Social Survey Programme, stórrí fjölþjóðlegri rannsókn á áhrifum mismunandi þátta á velgengni í samfélaginu. [Upplýsingar um könnunina](#) má finna inni á heimasíðu Félagsvísindastofnunar.

Ýmsar hugmyndir eru uppi um það hvers vegna sumir fá hærri laun en aðrir. Sumir telja menntun skipta öllu, aðrir hve hart er lagt að sér og enn aðrir telja mestu skipta að laun hækki með aldri.

Nákvæmari upplýsingar um þetta gætu verið gagnlegar til dæmis til að meta hvort menntun borgi sig fjárhagslega eða til að vita hvers konar laun eru eðlileg fyrir mismunandi hópa.

Gögnum um laun á mánuði (IS_RINC), fjölda ára í námi (EDUCYRS), vinnustundir á viku (WRKHRS) og aldur (AGE) var safnað fyrir 884 Íslendinga.

Skil og tímamörk

Skiladagur verkefnisins er föstudagurinn 31. mars nk. Skila skal verkefninu fyrir lok dags í pósthólf við þjónustuborðið í Gimli. Litið verður svo á að allar úrlausnir sem eru komnar í lúguna þegar þjónustuborðið opnar á mánudagsmorgun eftir hafi verið skilað á réttum tíma.

Einnig skal skila verkefninu í gegnum [TurnItIn](#) kerfi Háskólans auk þess að skila útprentuðu eintaki í pósthólf í þjónustuborðinu í Gimli. Skráin sem þú skilar inn í TurnItIn þarf að hafa skírarnöfn höfunda í nafni sínu. T.d. ef ég og Arndís værum að skila verkefni saman, myndum við skýra skjalið `Skv3_Guðmundur_Arndís.doc` eða eitthvað álíka.

Athugaðu að þótt tveir höfundar séu á verkefni, er aðeins skilað *einni sameiginlegri úrlausn* inn í TurnItIn og á þjónustuborðið—**ekki** tveimur úrlausnum, hvorri fyrir sinn höfund.

Notaðu skýrslumátin sem hafa verið lögð inn í Uglu. Skýrslumátin eru með staðlaða forsíðu, myndina af klukkunni. Hún tryggir að rétt kennsl séu borin á verkefnið og það fari á réttan stað á þjónustuborðinu. Skýrslur án staðlaðrar forsíðu hafa misfarist í einhverjum tilvikum.

Stuðningur

Nemendur geta varpað fram spurningum tengdum verkefninu og svarað öðrum nemendum á umræðuþræði á heimasvæði námskeiðsins í [Uglu](#) eða í stoðtíma föstudaginn 24. mars nk.

Á [umræðuþráðinn](#) má setja spurningar og svör sem tengjast úrlausn á skilaverkefni 3. Arndís, stoðkennari, mun fylgjast með umræðum og koma inn í þær ef þurfa þykir.

Við áskiljum okkur ritstjórnarvald sem felst m.a. í því að fjarlægja innlegg sem við teljum óviðeigandi eða sem tengjast ekki beint úrlausn verkefnisins að okkar mati. Stundum fjarlægjum við einnig innlegg sem lið í því að taka til og minnka umfangið á umræðuþræðinum. Vinsamlega sýndu þessu menntaða einveldi fullan skilning.

Verkefnið

Gerðu vandaða og nákvæma skýrslu sem tekur á öllum eftirfarandi spurningum og viðfangsefnum. Byrjaðu á því að sækja [SPSS gagnaskrána](#) og vista hana á harða diskinn hjá þér. Þú getur einnig nálgast [textaskrá](#) sem hægt er að lesa inn í CrunchIt. SPSS er þó sennilega heppilegra en CrunchIt fyrir þá útreikninga sem þarf í verkefnið.

Tveir nemendur vinna saman að hverju skilaverkefni. **Athugaðu: Þú mátt aðeins vinna skilaverkefni tvisvar með sama nemanda.**

Verkefnið þarf að vera á **APA-formi**, þ.e. með Inngangi, Aðferð, Niðurstöðum og Umræðu. Ef vísað er til heimilda, ber að fylgja [heimildakerfi APA](#).

Spurningar

1. Búðu til fylgnirit (*scatterplot*) þar sem fram kemur fjöldi ára í námi á móti launum. Telur þú að fjöldi ára í námi sé góður mælikvarði á laun? Af hverju eða af hverju ekki?
2. Framkvæmdu aðfallsgreiningu þar sem þú notar breytur fjöldi ára í námi og laun.
 - Athugaðu forsendur aðfallsgreiningarinnar og birtu sannfærandi rökstuðning um það hvort gögnin samræmist forsendunum eða ekki.
 - Túlkaðu niðurstöður aðfallsgreiningarinnar, m.a. hallastuðul og R^2 , og túlkaðu niðurstöðurnar.
 - Birtu öryggisbil hallastuðulsins og túlkaðu það.
 - Hefur þú nægjanlega sterk rök til að draga þá ályktun að menntun, ár í skóla, tengist launum? Rökstuddu niðurstöðu þína og byggðu hana á viðeigandi tölfræðiprófum.
 - Hver væri besta spá um laun einstaklings sem var 10 ár í námi?
3. Framkvæmdu nú aðfallsgreiningu þar sem þú notar laun sem fylgibreytu og fjölda vinnustunda á viku sem frumbreytu.
 - Athugaðu forsendur aðfallsgreiningarinnar færðu rök að því hvort gögnin samræmist forsendunum eða ekki.
 - Túlkaðu niðurstöður aðfallsgreiningarinnar, m.a. hallastuðul og R^2 , og túlkaðu niðurstöðurnar.
 - Birtu öryggisbil hallastuðulsins og túlkaðu það.
 - Hefur þú nægjanlega sterk rök til að draga þá ályktun að fjöldi unninna tíma á viku tengist launum? Rökstuddu niðurstöðu þína og byggðu hana á viðeigandi tölfræðiprófum.
 - Hver væri besta spá um laun einstaklings sem vinnur 35 stundir á viku?
4. Notaðu myndrit til að ákvarða hvort aldur gæti hugsanlega haft afgerandi áhrif á laun. Er sannfærandi að áhrif aldurs á laun séu (bein-) línuleg.